

Eptir því, sem fram hefir komið, verður varla annað álitid, en að komast hefði mátt hjá ráðstöfun þeirri, sem hjer var gjörð. Þar að auki hefði landlæknirinn átt, áður en hann rjeðst í að gjöra þá fyrirskipun, er gat haft töluverðan kostnað í för með sjer, að bera sig saman við yður. En þrátt fyrir þetta verður, eptir því, sem komið hefir fram um ástand það, er þá var í Akraneshreppi, og útlitið fyrir, að fiskileysið, er valdið hafði miklum bjargarskorti í hreppnum, mundi haldast við um langan tíma, ekki sagt, að fyrirskipun landlæknis sje svo ástæðulaus, að kostnaður sá, er leitt hefir af henni, eigi að lenda á honum sjálfum. Með því nú að fyrirskipunin miðaði til að hafa eptirlit með heilbrigði fólks, getur kostnaðurinn varla lent á öðrum almennum sjóði en hlutaðeigandi amtsjafnaðarsjóði. Sjer í lagi virðist engin heimild vera til að leggja hann á hlutaðeiganda sýslusjóð, og getur 39. gr. 5. liður sveitarstjórnartilsk., er þjer skírskotið til, ekki um annan kostnað en þann, sem leiðir af ráðstöfunum til að afstýra hallæri.

Jeg verð þannig að álíta, að þjer, herra amtmaður, getið samkvæmt ákvörðunum þeim, er heimila að greiða ferðakostnað lækna í þarfir hins opinbera úr amtsjafnaðarsjóði, greitt kostnað þann, er hjer er um að ræða, úr jafnaðarsjóði suðuramtsins; en að öðru leyti vil jeg, með því að úrskurðarvaldið á tekjum og gjöldum jafnaðarsjóðsins nú er hjá amtsráðinu, skjóta því til yðar, hvort ástæða sje til að bera málið undir úrskurðarvald þetta, áður en þjer greiðið áminnztan kostnað.

— *Brjef landshöfðingja til búnaðarfjelags suðuramtsins um styrk til að veita tilsögn í mjólkurverkum.* — Samkvæmt beiðni fjelagsins í brjefi 22. þ. mán. vil eg hjer með veita því 200 króna styrk af fje því, sem ætlað er til að efla jarðarrekt samkvæmt 10. gr. C. 5. í fjárlögunum, til að ráða kvennmann til þess að ferðast um suðurumdæmið í sumar og veita þeim, er þess kynnu að óska, tilsögn í meðferð á mjólk og annari innanbæjarbúsýslu.

Jeg læt brjefi þessu fylgja jarðabókarsjóðsávísun fyrir nefndum styrk, og ber fjelaginu að gjöra grein fyrir, hvornig fje þessu hefir verið varið, um leið og mjer er send skilagrein fyrir þeim 600 kr., er getur um í brjefi mínu til suður- og vesturumdæmisins 30. marz þ. á. (Stjórnart. B. 48).

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um ferðastyrk handa skólapiltum.* — Í þóknanlegu brjefi 21. þ. mán. hafa stiptsyfirvöldin gjört þá fyrirspurn til mín, hvort þau eigi ekki að útbýta fje því, sem veitt er með 13. gr. B. III c 10. í fjárlögunum til ferðastyrks handa fátækum skólasveinum, sem eiga heimili fjarri skólanum, eins og öðrum styrk, sem veittur er hinum lærðu stofnunum hjer í fjárlögunum, svo sem ölmusum og húsaleigustyrk.

Út af þessu læt jeg eigi undan falla að tjá yður þjónustusamlega, að jeg hefi ekkert að athuga gegn því, að stiptsyfirvöldin útbýti áminnztum styrk, og ber þeim að sjá um, að af þeim 2000 kr., er veittar eru alls um fjárhagstímabilið, 2 ár, sje eigi eytt nema helmingnum á þessu reikningsári, og að eigi sje veittur ferðastyrkur öðrum en hinum mest þurfandi piltum, sem lengst að sækja skólann.